

Alþingi
Erindi nr. P 136/407
komudagur 10.12.2008

Tilvísun í mál: 2008120087

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969

Vísað er til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 10.des. sl. þar sem óskað er umsagnar ÁTVR á frumvarpi til 1. um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969 með síðari breytingum, 209. mál.

ÁTVR gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Forstjóra ÁTVR
Ívars J. Arndal

María S. Stefánsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/484
komudagur 15.12.2008



Alþingi
Til Efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2008

Tilv. 2008120087/0.2

Efni: Minnisblað um lögfestingu á álagningu ÁTVR.

Í framhaldi af nýlegum úrskurði Umboðsmanns Alþingis um álagningu ÁTVR á áfengi ákvað fjármálaráðuneytið að leggja fram frumvarp á Alþingi í þeim tilgangi að lögfesta álagningu ÁTVR, jafnt á áfengi sem tóbak. Rætur núverandi álagningar á áfengi má rekja allt aftur til ársbyrjunar 1996 þegar hún var ákveðin í kjölfar breytinga sem urðu á rekstri ÁTVR við EES samninginn. Þá voru áfengisskattar felldir út úr álagningu ÁTVR og innheimtir sem sérstakt vörugjald við innflutning. Um leið var sérstök álagning búin til fyrir verslunina til þess að standa straum af þeim kostnaði sem verslunin hefur af sölu áfengis. Á þessum tímapunkti var smásöluálagning á bjór ákveðin 13%, 13,95% á vín og 6,85% á sterka drykki. Hefur þessi álagning haldist í meginatriðum allar götur síðan. Heildsöluálagning ÁTVR á tóbak hefur tekið örari breytingum og er hún nú 18%.

Mikil umskipti hafa átt sér stað hvað varðar sölu á áfengi frá árinu 1996. Á því ári voru verslanir ÁTVR 24 talsins, þar af 7 á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru þær 49, þar af 13 á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hefur öll þjónusta við almenning gjörbreytt á þessum tíma. Fyrir utan fjölgun verslana hefur afgreiðslutími lengst til muna og vöruúrval aukist verulega. Á þeim tólf árum sem liðin eru frá ákvörðun smásöluálagningarinnar hefur því verið að myndast ákveðið misvægi milli rekstrarafkomu áfengissölu annars vegar og heildsölu tóbaks hins vegar. Fjármálaráðuneytið ákvarðar álagningu ÁTVR og að hálfu þess hefur ekki verið talin ástæða til endurskoðunar á núverandi fyrirkomulagi til þessa enda rekstrarafkoma ÁTVR ágæt á síðustu árum.


Stærstu hluti af starfsemi ÁTVR er vegna sölu á áfengi en sala á tóbaki er innan við fjórðungur af rekstrarkostnaði. Þrátt fyrir að heildarrekstur verslunarinnar hafi á undanförunum árum gengið vel hefur verið tap af sölu áfengis, sem er meginstarfsemi ÁTVR. Hagnaður undanfarinna ára er að mestu tilkominn vegna sölu á tóbaki. Við þær breyttu aðstæður sem sem nú eru uppi og að teknu tilliti til úrskurðar umboðsmanns er talið rétt að taka skref í þá átt að lagfæra misvægið með því að hækka smásöluálagningu á áfengi í kjarnasölu frá því sem verið hefur, eða um 4-5 prósentustig.

ÁTVR

Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík
S. 560 7700
vinbudin.is

Mikilvægt er að hafa í huga að um leið er verið að einfalda álagningarreglur ÁTVR og jafna mun á reynsluvörum og kjarnavörum. Nú er álagning ÁTVR á bjór og léttvín í kjarna 13% og 19% í reynslusölu og álag á sterkt áfengi í kjarna 6,85% og 9,85% í reynslusölu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sama álagningarprósenta verði á reynslu- og kjarnavörum. Það þýðir að auðveldara verður fyrir birgja að koma nýjum og ódýrum vörum í sölu og breytingin auðveldar einnig nýjum birgjum að koma á markaðinn. Það getur aukið samkeppnina og lækkað vöruverðið. Bjór og léttvín í reynslusölu munu lækka um 1,0% að meðaltali við breytinguna. Hækkun á álagingu ÁTVR kemur sér einnig vel fyrir aðila í veitingahúsageiranum og ferðaþjónustu því verðmunur minnkar. Einnig eykst svigrúm birgja við verðlagningu á vörum sínum til þessara aðila.

Með kveðju,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins



Ívar J. Arndal



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 136/429
komudagur 11.12.2008

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Kristjana Benedíktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember, 2008

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 10. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969.

FÍS gerir alvarlegar athugasemdir við umrætt frumvarp.

I. Almenn

FÍS vill taka það fram í upphafi að félaginu þykir umræddu frumvarpi verulega áfátt. Frumvarpið leggur til að lagðar séu miklar álögur á ákveðnar neysluvörur almennings. Það mun því hafa mikil og neikvæð áhrif á neytendur í landinu. Þrátt fyrir þetta eru ákvæði þess illa rökstudd. Ekki kemur fram í frumvarpinu hver áhrif þessa breytinga muni verða eða hvernig þau muni hafa áhrif á efnaminni einstaklinga versus efnameiri. Þá kemur hvergi fram hver fjárförf ÁTVR er en ljóst er sky ársreikningum félagsins að engin þörf er á þessari hækkun. Ástæður hækkunarinnar eru því með öllu á huldu. Má við þetta bæta að hvergi er tekið á því hvort enn sé stefnt að fyrirhugaðri 11,5% hækkun á áfengisgjaldi eða hvort að hún komi umræddri hækkun til viðbótar.

II. Hækkun

Í frumvarpinu er fyrirhugað að hækka álagningu ÁTVR um allt að 75% á sterku áfengi og 38,46 % á léttvini og bjór. Þar að auki kemur hvergi fram í umræddu frumvarpi hvað hafi orðið um fyrirhugaða hækkun á áfengisgjaldi uppá 11,5%. Kemur þessi hækkun til með að leggjast þyngst á almennung í landinu því ef þessi hækkun á álagningu ÁTVR sem og hækkun á áfengisgjaldinu nær fram að ganga þá hækka hlutfallslega mest ódýrustu vínin eða um 12-14% á meðan dýrari vínin, sem aðeins auðmenn hafa efni á að kaupa hækka um 4-5%.



– fyrir íslenska verslun

FÍS telur því þessa hækkun vera ótæka. Í fyrsta lagi hafa fyrirtæki á Íslandi lækkað álagningu sína og kostnað til að mæta þeim erfiðleikum sem að yfir okkur hafa dunið. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að ÁTVR starfi undir öðrum og sértækari lögmálum í þessum efnum. Í annan stað hafa eins og áður sagði engin rök verið færð fyrir umræddri hækkun. ÁTVR er rekið með miklum hagnaði og því er þessi hækkun engan veginn verjandi í ljósi einokunarstöðu þess.

III. Ólögmaet gjaldtaka

Það verður að hafa það í huga og leggja til grundvallar í máli þessu að tilefni frumvarpsins er ólögmaet gjaldtaka ÁTVR. Í állti Umboðsmanns Alþingis nr. 5035/2007 komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að ÁTVR hafði um langan tíma innheimt gjöld sem ekki var fullnægjandi lagastoð fyrir. Kom í álltinu m.a. fram:

„Athugun mín í kjölfar kvörtunar frá einstaklingi leiðir að mínu állti til þess að verulegur vafi sé á því að þær lagaheimildir sem við geta átt um að fella kostnað af starfsemi ÁTVR á þá sem nota þjónustu stofnunarinnar í því formi að kaupa áfengi í verslunum hennar séu fullnægjandi miðað við þær kröfur sem leiða af stjórnarskrá og reglum um töku þjónustugjalda hjá ríkinu. Þá er það állt mitt að ákvæði reglugerðar um að álagning á áfengi í smásölu skuli ákveðin þannig að ÁTVR skili arði sem telst hæfilegur m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri ÁTVR hafi ekki fullnægjandi lagastoð.“

AF þessu má vera ljóst að brottlð hefur verið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum almennings.

FÍS vill taka það fram að félaginu þætti rétt að leitast væri við að rétta hlut þeirra sem orðið hafa fyrir barðinu á hinni ólögmaetu gjaldtöku. Slíkt er hins vegar ekki gert. Þvert á móti er í frumvarpinu lagt til að auknar álögur verði lagðar á viðskiptamenn ÁTVR. Þetta kemur FÍS, og sennilega landsmönnum öllum, ankannalega fyrir sjónir.

Að mati FÍS gefur ólögmaet gjaldtaka ekki tilefni til að ný lögmaetari gjaldtaka komi í hennar stað hinnar ólögmaetu. Ef ríkið gengur með ólögmaetum hætti á eigur almennings telur FÍS það ekki sjálfsagt að fyrstu viðbrögð löggjafans séu að lögvaða hina ólögmaetu gjaldtöku. Slíkt er til þess eins fallið að hvetja til ólögmaetrar gjaldtöku opinbera aðila. Til samanburðar kann að vera rétt að líta til einkaaðila í smásölu.

Ef einkaaðili innheimtir ólögmaet gjöld, t.d. seðillgjöld, beina stjórnvöld því til viðkomandi aðila að láta af þeirri iöju sinni. Innheimti opinber aðili gjöld með ólögmaetum hætti beinir stjórnvald því til löggjafans að lögtaka hina ólögmaetu innheimtu. FÍS spyr er síkt eðlilegt?

Það hnígur gegn eðlirökum að réttlæta ólögmaeta gjaldtöku með því að lögleiða afleiðingar hennar og hvað þá þegar það er gert jafn rúmlega og hér um ræðir.



– fyrir íslenska verslun

IV. Annað

Ljóst er að ÁTVR skilar gríðarlegum hagnaði sem greiddur er úr vasa almennings. Að mati FÍS er engin þörf á að mæka hér króklinn. Almenningsur þarf um þessar mundir að axla gríðarlegar byrðar með hækkandi verðlagi m.a. vegna gengislækkunar krónunnar og meiri atvinnuleysi en við höfum séð áratugum saman. Áfengi er viðurkennt neysluvara eins og hver önnur hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Það er óverjandi að ætla sér að hækka álögur á neysluvarur til almennings í því árferði sem nú geysar. Ekki má heldur gleyma því að áfengi og tóbak vega töluvert í lánskjaravísitölunni og koma þessar hækkanir því til með að auka enn á skuldsetningu heimila sem fyrirtækja.

Það skal ítrekað að félagið telur röksemdarfaerslu umrædds frumvarps ábótavant. Þessi málefni verður að meta heildstætt sér í lagi í ljósi annarra hækkana sem hafa verið boðaðar af hálfu hins opinbera.

Leggur FÍS því til að fallið verði frá umræddu frumvarpi.

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags Íslenskra Stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is

Minnisblað

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Til: Efnahags- og skattanefndar.

Frá: Fjármálaráðuneytinu

Á fundi efnahags- og skattanefndar í morgun komu fram eftirfarandi spurningar sem gerð verður nánari grein fyrir hér að neðan:

Á hvaða stofn leggst álagning ÁTVR?

Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að álagning ÁTVR skuli lögð á innkaupsverð vöru. Með innkaupsverði er átt við það allan þann kostnað sem leggst á vöruna áður en hún kemur til sölu hjá ÁTVR. Inn í því verði er til dæmis verð frá framleiðanda, flutningskostnaður, vörugjöld og álag heildsala. Til enn frekari útskýringa eru í eftirfarandi dæmum sýnd samsetning á þeim liðum sem mynda útsöluverð áfengis hjá ÁTVR:

Verðmyndun:	Innlendur	Erlendur	Innlent	Erlent	Innlend	Erlend
Verð frá innlendum framleiðanda	X		X		X	
Verð frá erlendum birgja		X		X		X
Flutningsgjald		X		X		X
Áfengisgjald	X	X	X	X	X	X
Skilgjald	X	X	X	X	X	X
Álag heildsala		X		X		X
Samtals innkaupsverð til ÁTVR						
Álag ÁTVR	X	X	X	X	X	X
VSK	X	X	X	X	X	X
Verð út úr vínbúð						

Hver eru væntanleg vísitöluáhrif af frumvarpinu?

Sérfræðingar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins hafa metið það svo að 4% hækkun á álagningu ÁTVR muni líklega hækka vísitölu neysluverðs um allt að 0,06%, milli mánaða, að öllu öðru óbreyttu.

Alþingi
Erindi nr. P 136/442
komudagur 12.12.2008



Alþingi
Skrifstofa Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.12.2008
Tilv. 072/2007 - 1.05.02
RMJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 209. mál.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Ræða má um verð og fyrirkomulag sölu áfengis og tóbaks út frá ýmsum sjónarmiðum. Þessi umsögn takmarkast nær eingöngu við sjónarmið tengd forvörnum og heilsueflingu. Sú nálgun er í samræmi við lögbundið hlutverk Lýðheilsustöðvar, sem felst m.a. í því að veita stjórnvöldum ráðgjöf um aðgerðir til að efla lýðheilsu (3. gr. laga nr. 18 frá 2003 um Lýðheilsustöð). Umsögnin fjallar því ekki um málið út frá viðskiptafrelsi eða hagsmunum neytenda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé veitt lagaleg heimild til að leggja hlutfallslega álagningu á áfengi og tóbak.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hefur ítrekað bent á að verðlagning á áfengi og tóbak sé góð leið til að draga úr neyslu áfengi og tóbaks. Út frá heilbrigðissjónarmiði er það því jákvætt að stoðum sé hér skotið undir úrræði sem talin er virkt úr frá forvarnasjónarmiði.

Meðfylgjandi er listi yfir heimildir þar sem fram kom áhrif verðs á neyslu áfengis og tóbaks. Einnig er slóð á íslenska samantekt úr bókinni *Alcohol no ordinary commodity* eftir Babor o.fl. (2005) en þar er m.a. farið yfir áhrif verðs á neyslu. (http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/Afengi_engin.pdf).

Heimildir:

Anderson, P. og Baumberg, B. (2006). *Alcohol in Europe; A public health perspective*. Institute of Alcohol Studies, UK. Sótt 23. febrúar 2007 af http://ec.europa.eu/health-eu/news_alcoholineurope_en.htm (Samantekt fylgir)

Babor, T. F., Caetano, R., Casswell, S., Edwards, G., Giesbrecht, N., Graham, K., Grube, J., Gruenewald, P., Hill, L., Holder, H., Homel, R., Österberg, E., Rehm, J., Room, R. &

Rossow, I. (2003). *Alcohol: No ordinary commodity—Research and public policy*. Oxford: Oxford University Press. (Þýdd samantekt fylgir)

Birckmayer, J. D., Holder, H. D., Yacoubian, G. S., og Friend, K. B. (2004). A general causal model to guide alcohol, tobacco, and illicit drug prevention: Assessing the research evidence. *Journal of Drug Education*, 34, 121-153.

World Health Organization. (2004). *What are the most effective and cost-effective interventions in alcohol control?* Kaupmannahöfn: World Health Organization. Sótt 24. mars 2007 <http://www.euro.who.int/document/E82969.pdf>

WHO Report on the Global Tobacco Epidemic, 2008 - The MPOWER package

<http://www.who.int/tobacco/mpower/en/index.html>

World Health Organization, Regional Office for Europe. The European Tobacco Control Report 2007.

<http://www.euro.who.int/Document/E89842.pdf>

World Bank. Tobacco control at a glance. Washington DC, 2003
www.worldbank.org/tobacco

Virðingarfyllst



Þóroldur Þórlindsson
forstjóri Lýðheilsustöðvar

Alþingi
Erindi nr. P/36/406
komudagur 10.10.2008

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 10. desember 2008.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, l. nr. 63/1969.

Neytendasamtökin telja víst að verði frumvarp þetta að lögum muni það leiða til hækkunar áfengisverðs um 4-5 prósentustig á flestum vörutegundum enda ljóst að í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun álagningar hjá ÁTVR um u.þ.b. 5 prósentustig frá því sem hún er nú á flestum vintegundum.

Neytendasamtökin lýsa sig því andvíg þessu frumvarpi og hvetja til endurskoðunar þess, enda ljóst að verði frumvarpið á lögum muni það bitna á neytendum, meðal annars í formi hækkunar á neysluvísitölu og þar með hækkun á verðtryggðum lánnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/427
komudagur 11.12.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 209. mál.

Samtök iðnaðarins gera athugasemdir við að hafa ekki fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en stærstu framleiðendur áfengra drykkja á Íslandi er félagsmenn þeirra.

Samtök iðnaðarins mótmæla harðlega þeirri aðferðafræði sem beitt er í frumvarpinu. Þau skora á nefndina að breyta frumvarpinu þannig að álagning ÁTVR á bjór verði ekki hækkuð.

Samtök iðnaðarins hafa mjög hvatt landsmenn til þess að velja íslenskt til þess að spara gjaldeyri. Íslenskir bjórframleiðendur hafa staðið sig vel í samkeppni við innflutning og fer markaðshlutdeild þeirra vaxandi. Er um og yfir 70%. Stjórnvöld eiga ekki að vinna gegn þessari þróun með gjaldheimtu sinni.

Það er óskynsamlegt að hækka álögur með þessum hætti á íslenskri framleiðslu sem á í fullu tré við innflutning. Hér er ekki lagt til að hygla íslenskum bjór heldur að hætta við hækkun áfengisgjalds af öllum bjór.

Gera má ráð fyrir að frumvarpið sé hugsað til þess að auka tekjur ÁTVR og þar með ríkissjóðs. Sé það talið nauðsynlegt er skynsamlegt að gera það þannig úr garði að sterkari drykkir en bjór beri þá hækkun.

Samkvæmt frumvarpinu er álagning ÁTVR á bjór að hækka um hvorki meira né minna en tæp 39%. Þegar áfengisgjaldahækkunin sem samþykkt var í þinginu í kvöld bætist við hækkar útsöluverð á bjór verulega. Ríkið er þá að taka til sín tekur 70% af útsöluverði til sín í formi áfengisgjalda, álagningar og virðisaukaskatts. Þetta getur ekki gengið.

Það er skylda ríkisins að ýta undir innlenda framleiðslu þegar unnt er að koma því við án mismununar gagnvart erlendum framleiðendum og innflytjendum. Það er klárlega hægt í þessu tilfalli og ber að gera.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 136/428
komudagur 11.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum (209. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem feiur í sér breytingar á núgildandi lögum til samræmis við nýlegt álit umboðsmanns Alþingis.

Að mati Viðskiptaráðs er rétt að gefa smásölu áfengis frjálsa og láta verð og þar með álagningu ráðast á samkeppnismarkaði. En þar sem stjórnvöld hafa ekki lagt af stað í þá vegferð þá er almennt æskilegt að álagningarsvigrúm ÁTVR sé verulega takmarkað. Það er hins vegar bagalegt að frumvarpið hafi ekki að geyma upplýsingar um núverandi álagningu, sem á að skila ríkissjóði hæfilegum arði skv. reglugerð 883/2005. Vegna þess er allur samanburður úr sögunni og þar með forsendur til að meta réttmæti þeirrar álagningar sem frumvarpið kveður á um. Án slíkra upplýsinga má ætla að sú álagning sem lögð er til í frumvarpi þessu nægi til að skila ríkissjóði hæfilegum arði líkt og nú er, jafnvel meira en góðu hófi gegnir.

Ef leitað er frekar að upplýsingum um núverandi álagningu, t.a.m. í álit Umboðsmanns, kemur í ljós að grunur undirritaðs er á rökum reistur. Núverandi álagning ÁTVR á bjór og áfengi með 22% vínanda eða minna er 13% en á sterk áfengi 6,85%. Samkvæmt því felur frumvarp þetta í sér að álagning á bjór og áfengi með 22% vínanda eða minna hækkar um 38,5% og álagning á áfengi með meira en 22% vínanda hækkar um 75,2%. Þegar tekið er tillit til þess að áfengisgjald var hækkað verulega með lögum sem samþykkt voru í kvöld – án þess að kallað hafi verið á umsagnir eða fulltrúar hagsmunaaðila fengnir á fund nefndarinnar – er ljóst að útsöluverð á áfengi mun hækka verulega. Ríkið er því að taka til sín umtalsverðan hluta af útsöluverði, allt að 70%, í formi aðflutningsgjalda, virðisaukaskatts, áfengisgjalds og álagningar.

M.v. umtalsverðar hækkanir er afar einkennilegt að umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarp þetta feli ekki í sér umfjöllun um áætlaða tekjuaukningu ÁTVR af hækkun álagningar og áætlaða arðgreiðslu til ríkissjóðs, sem var 152mkr. árið 2007 og 160mkr. árið 2006 skv. ársreikning ÁTVR frá 2007. Hækkun tekna er af einhverjum ástæðum falin undir því yfirskini að frumvarpinu sé ætlað að koma til móts við athugasemdir Umboðsmanns. Það er augljóst að frumvarpinu er ætlað að auka tekjur ÁTVR og þar með ríkissjóðs – það er engin ástæða til að fara í graf götur með það.

Viðskiptaráð gerir athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ÁTVR sé heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Mikilvægt er að

sem flestir birgjar hafi aðgang að einokunarsmásoiu ríkisins og því ætti að forðast alla gjaldtöku þar sem slíkt virkar sem aðgangshindrun. Aftur á móti er ekkert óeðlilegt að kostnaður sem fellur til vegna nýrra vara sé borinn af þeim sem óska eftir að nýjar vörur séu teknar til sölu. Það er hins vegar afar mikilvægt að gjaldið standi eingöngu straum af raunverulegum kostnaði sem fellur til, líkt og ákvæðið gerir ráð fyrir, og að ÁTVR hafi virkt samráð við birgja við ákvörðun þessa gjalds.

Í ljósi afar bágrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið nái fram að ganga en leggur til að álagningarhlutföll verði lækkuð um leið og tekjubörf ríkissjóðs lækkar. Viðskiptaráð hvetur að auki til virks samráðs við birgja um ákvörðun þjónustugjaldsins.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/457
komudagur 12.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum (209. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem feiur í sér breytingar á núgildandi lögum til samræmis við nýlegt álit umboðsmanns Alþingis.

Að mati Viðskiptaráðs er rétt að gefa smásölu áfengis frjálsa og láta verð og þar með álagningu ráðast á samkeppnismarkaði. En þar sem stjórnvöld hafa ekki lagt af stað í þá vegferð þá er almennt æskilegt að álagningarsvigrúm ÁTVR sé verulega takmarkað. Það er hins vegar bagalegt að frumvarpið hafi ekki að geyma upplýsingar um núverandi álagningu, sem á að skila ríkissjóði hæfilegum arði skv. reglugerð 883/2005. Vegna þess er allur samanburður úr sögunni og þar með forsendur til að meta réttmæti þeirrar álagningar sem frumvarpið kveður á um. Án slíkra upplýsinga má ætla að sú álagning sem lögð er til í frumvarpi þessu nægi til að skila ríkissjóði hæfilegum arði líkt og nú er, jafnvel meira en góðu hófi gegnir.

Ef leitað er frekar að upplýsingum um núverandi álagningu, t.a.m. í álit Umboðsmanns, kemur í ljós að grunur undirritaðs er á rökum reistur. Núverandi álagning ÁTVR á bjór og áfenga drykki með 22% vínanda eða minna er 13% en á sterkt áfengi 6,85%. Samkvæmt því felur frumvarp þetta í sér að álagning á bjór og áfengi með 22% vínanda eða minna hækkar um 38,5% og álagning á áfengi með meira en 22% vínanda hækkar um 75,2%. Þegar tekið er tillit til þess að áfengisgjald var hækkað verulega með lögum sem samþykkt voru í gærkvöldi – án þess að kallað hafi verið á umsagnir eða fulltrúar hagsmunaaðila fengnir á fund nefndarinnar – er ljóst að útsöluverð á áfengi mun hækka verulega. Ríkið er því að taka til sín umtalsverðan hluta af útsöluverði, allt að 70%, í formi aðflutningsgjalda, virðisaukaskatts, áfengisgjalds og álagningar.

Miðað við umtalsverðar hækkunir er afar einkennilegt að umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarp þetta feli ekki í sér umfjöllun um áætlaða tekjuaukningu ÁTVR af hækkun álagningar og áætlaða arðgreiðslu til ríkissjóðs, sem var 152mkr. árið 2007 og 160mkr. árið 2006 skv. ársreikning ÁTVR frá 2007. Hækkun tekna er af einhverjum ástæðum falin undir því yfirsíki að frumvarpinu sé ætlað að koma til móts við athugasemdir Umboðsmanns. Það er augljóst að frumvarpinu er ætlað að auka tekjur ÁTVR og þar með ríkissjóðs – það er engin ástæða til að fara í grafgötur með það.

Að mati Viðskiptaráðs ættu yfirvöld, í stað þess að grípa til hækkana á gjöldum, sköttum og álagningu, að skera enn frekar niður í opinberum útgjöldum en nýlegar tillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér.

Hækkanir sem þessar eru verðbólguhvetjandi og ekki er á bætandi í núverandi árferði. En ef nauðsynlegt er að grípa til hækkana á sköttum eða gjöldum ætti að leggja áherslu á neysluskatta svo þeir sem neyti, þeir borgi.

Viðskiptaráð gerir athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ÁTVR sé heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Mikilvægt er að sem flestir birgjar hafi aðgang að einokunarsmásoðu ríkisins og því ætti að forðast alla gjaldtöku þar sem slíkt virkar sem aðgangshindrun. Aftur á móti er ekkert óeðlilegt að kostnaður sem fellur til vegna nýrra vara sé borinn af þeim sem óska eftir að nýjar vörur séu teknar til sölu. Það er hins vegar afar mikilvægt að gjaldið standi eingöngu straum af raunverulegum kostnaði sem fellur til, líkt og ákvæðið gerir ráð fyrir, og að ÁTVR hafi virkt samráð við birgja við ákvörðun þessa gjalds.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga og hvetur til þess að opinber útgjöld verði lækkuð enn frekar í stað þess að álagning sé hækkuð. Enn fremur hvetur Viðskiptaráð til virks samráðs við birgja um ákvörðun þjónustugjaldsins.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

15.12.2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/501
komudagur 15. 12. 2008

Efnahags- og skattanefnd.

209. mál.

Meðfylgjandi er enn ein útgáfan af umsögn Viðskiptaráðs við ofangreint þingmál. Ég biðst afsökunar á þessum hringlandahætti en athugasemdir þeirra sem við leituðum til hafa verði seinar að berast.

Viðbótin er þessi:

“Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að álagning ÁTVR skuli leggjast á innkaupsverð vöru og í athugasemdum frumvarpsins segir að með innkaupsverði sé átt við að varan sé komin í vöruhús „með öllum kostnaði sem þá er fallinn á hana, þ.e. verð frá framleiðanda, flutningur, innflutningsgjöld og álagning heildsala.“ Ekki er að sjá á þessu að ÁTVR sé heimilt að taka áfengisgjaldið, þ.e. áfengisskattinn, með í útreikningi á innkaupsverði, en það hefur verið stundað hingað til af ÁTVR. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um þetta og kveða á um að undir innkaupsverð falli ekki álagt áfengisgjald skv. lögum um gjald af áfengi og tóbaki.

Það er afskaplega óeðlilegt og í reynd ólöglegt af hálfu ÁTVR að taka áfengisskattinn með þegar innkaupsverð er reiknað því með því er ÁTVR einfaldlega að hækka skattinn. Hvað ofangreint varðar vísast til 77. gr. stjórnarskrárinnar sem segir „Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“

Viðskiptaráð leggur til að við 3. mgr. 2. gr. verði bætt málslið er kveður á um að ÁTVR sé óheimilt að reikna áfengisgjald inn í innkaupsverð vöru.“

Eins og þú sérð þá varðar athugasemdin grundvallarþætti þessa frumvarps og samræmi þess við stjórnarskrána. Það væri því afskaplega vel þegið ef þú gætir vakið athygli nefndarinnar á þessu sem allra fyrst.

kær kveðja / kind regards,

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur / General Counsel